

Íbúaráð Háaleitis og Bústaða

Ráðhúsi Reykjavíkur,

101 Reykjavík.

Reykjavík, 17. mars 2022

Efni: Krafa um aukið umferðaröryggi í grennd við Breiðagerðisskóla

Undirrituð skipa stjórn foreldrafélag Breiðagerðisskóla. Breiðagerðisskóli stendur á lóð sem liggur á milli Breiðagerðis í norðri og Hæðargarði í suðri. Á sömu lóð, Hæðargarðs-megin er leikskólinn Jörfi. Við götuna er ennfremur miðstöð fyrir aldraðra/þjónustuíbúðir fyrir aldraða. Þá er gatan tengileið margra unglunga úr Fossvoginum upp í Réttarholtsskóla.

Á morgnana er því mikil umferð barna á leið í skóla og leikskóla yfir Hæðargarðinn. Mörg hver eru börnin enn að læra almennilega á umferðina.

Hámarkshraðinn í götunni, sem er að auki íbúðagata, er 30 km/klst.

Borið hefur á því að Hæðargarðurinn sé notaður sem gegnumakstursleið, einkum þegar umferð er mikil á Bústaðavegi og hafa mælingar lögreglu sýnt að um það bil helmingur ökumanna keyrir of hratt í gegnum Hæðargarð. Slíkt er algjörlega ólíðandi og skapar gríðarlega hættu fyrir börnin okkar sem þarna eiga leið um.

Ljóst er að umferðarlögin nr. 77/2019 eru margbrotin við götuna daglega, bæði með of hröðum og glannalegum akstri, sbr. 36.- 38. gr. laganna og einnig 27. gr. sem fjallar um sérstakar skyldur gagnvart gangandi vegfarendum.

Að ná niður hraða í götunni eykur öryggi barna á leið í skóla og tómsundur sem og alla aðra gangandi vegfarendur. Öryggi gangandi vegfarenda hlýtur að veða þyngra en hagsmunir ökumanna af því að komast örlítið hraðar á milli staða.

Að mati undirritaðra gæti lausnin verið að bæta við hraðahindrunum og/eða fleiri þrengingum til að hægja á umferðinni svo gatan verði óaðlaðandi valkostur fyrir gegnumakstur. Önnur lausn væri að loka götunni í miðjunni, t.d. við leikskólann Jörfa, eða í annan hvorn endann. Að líkindum væri það betri kostur en að auka við hraðahindranir því borið hefur á því að bílstjórar auki hraðann mikið á milli hraðahindrana og taki jafnvel fram úr bifreiðum sem keyra á löglegum hraða.

Í öllu falli er mikilvægt að brugðist verði við svo allir komist öruggir í skóla og vinnu. Með erindi þessu vilja undirrituð koma þessum áhyggjum sínum á framfæri og skora á Íbúaráð Háaleitis og Bústaða að beita sér í þessu máli.

Virðingarfyllst,

Stjórn foreldrafélags Breiðagerðisskóla